

## FUNDARGERÐ

**Fundarritari:** Þorbjörg Bjarnadóttir

**Aðalfundur Foreldrafélags Verzlunarskóla Íslands**

**dd.mm.ár:** 19.10.2010

**Frá kl. :** 18:00

**Til kl. :** 19:15

### **Veturinn 2009-2010**

Helsta aðkoma foreldrafélagsins hefur fram til þessa verið að vera til aðstoðar við gæslu fyrir utan dansleiki Verzlunarskólans. Mikil ánægja hefur verið með það starf og var Foreldrafélagið tilnefnt til 2ja verðlauna hjá Heimili og skóla á síðasta skólaári. Auk þess beitti félagið sér fyrir því að slakað væri á reglum um fjarvistir á meðan svínaflensan gekk yfir á liðnum vetri.

Fulltrúar foreldrafélagsins sátu tvo fundi á vegum Heimilis og skóla þar sem fulltrúar foreldrafélaga í framhaldsskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu voru boðaðir. Félagið sat tvo fundi með stjórnendum Verzlunarskólans, einn á hvorri önn.

### **Umræður**

- Drykkja í partíum fyrir böll. Foreldrar vildu gjarna fá hollráð til þess að styðjast við.
- Mikill áhugi er fyrir því að fá kynningarfund fyrir foreldra 4. bekkinga í byrjun vetrar líkt og haldinn er fyrir foreldra 3. bekkinga. Foreldrafélagið taki upp á fundi með skólastjórnendum.
- Einelti og líðan í skóla. Hefur verið framkvæmd könnun/innra mat í Versló? Áhugi fyrir að sjá niðurstöður.
- Hversu mikið er brottfall úr framhaldsskólum? Úr Versló?
- Rætt að meira sé um að nemendur Versló, MR og Hraðbrautar þurfi að leita aðstoðar fagfólks vegna mikils álags í náminu, en nemendur annarra framhaldsskóla.
- Hvernig reyndist hverfaskólafyrirkomulagið?
- Samræming námsmats. Ætti að taka upp samræmdu prófin aftur?

### **Ný stjórn foreldrafélagsins**

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir og Svanborg Ísberg eru nýir meðlimir í stjórninni. Stjórnina skipa nú:

Árni Sv Mathiesen  
Guðrún Vala Ólafsdóttir  
Guðrún H Theodórsdóttir  
Hlaðgerður Íris Björnsdóttir  
Svanborg Ísberg  
Þorbjörg Bjarnadóttir